

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 137/2013

2013/EES/72/05

frá 15. júlí 2013

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 563/2012 frá 27. júní 2012 um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar skrána yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 11. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í hluta 1.1 í I. kafla:  
„– **32012 R 0563**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 563/2012 frá 27. júní 2012 (Stjtið. ESB L 168, 28.6.2012, bls. 24).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 31j (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í II. kafla:  
„– **32012 R 0563**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 563/2012 frá 27. júní 2012 (Stjtið. ESB L 168, 28.6.2012, bls. 24).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzzi (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32012 R 0563**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 563/2012 frá 27. júní 2012 (Stjtið. ESB L 168, 28.6.2012, bls. 24).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 563/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júlí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 168, 28.6.2012, bls. 24.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júlí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Pórir Ibsen**

formaður.